„Mikilvægt að þora að hugsa stórt í litlu landi“



Bragi við eitt verka sinna. Ljósmynd Mbl. RAX.

Bragi Ásgeirsson listmálari opnar 300 mynda sýningu á Kjarvalsstöðum, Heim augans

„ÞAÐ VERÐA um 300 myndir á þessari sýningu, um 200 myndverk og um 100 grafíkmyndir, vatnslitamyndir og teikningar,“ sagði Bragi Ásgeirsson listmálari í samtali við Mbl. í gær, þar sem hann var í óða önn að hengja upp myndir í öllum sölum Kjarvalsstaða, en sýning hans verður opnuð í dag og mun hún standa fram yfir næstu þrjár helgar. Þetta er yfirlitssýning á verkum Braga frá sl. 33 árum og líklega stærsta einkasýning sem haldin hefur verið á Íslandi.

„Ég er búinn að sprengja þetta allt, kem ekki öllu fyrir,“ sagði Bragi, „og því verð ég að geyma um 100 myndir sem eru hér inni í húsinu. Reyndar eru margar þeirra það litlar að það er betur við hæfi að sýna þær í umhverfi sem er minna í sniðum.

Ég bjóst við að þetta yrði of lítið, en reiknaði dæmið skakkt. Með þessari sýningu er ég að horfast í augu við fortíðina og á fortíðinni byggir maður framtíðina. Ég vona að ég eigi eftir að mála af fullum krafti í þrjátíu og þrjú ár í viðbót, þetta eru engin endamörk hjá mér, miklu fremur miðbaugur, og ég hlakka til þess að halda áfram, enda fullur af starfskrafti og nýjum hugmyndum. Kvíði engu og iðrast einskis. Mönnum finnst þetta stór sýning, en mér finnst mikilvægt að þora að hugsa stórt í litlu landi.“

Bragi kvaðst eiga mest af myndunum sjálfur, enda stæði hann einn á bak við þessa yfirlitssýningu sem væri einkaframtak. Kvaðst hann hafa lent í tímahraki við undirbúning „enda er þetta svo mikið verk,“ sagði Bragi, „að það jaðrar við vitfirringu. Margir ágætir vinir mínir hafa hjálpað mér að hengja upp og góða aðstoð hef ég fengið frá Myndlista- og handíðaskólanum. Þetta virtist ætla að ganga brösótt, en kom svo allt í einu eins og segir: Þegar neyðin er stærst er hjálpin næst og ég hef rúllað áfram á bjartsýninni.“

Bragi kvað töluvert af verkunum til sölu, en þó væru ekki öll verka hans á söluskrá. Kvaðst Bragi sérstaklega vilja vekja athygli á því að hann fann ekki gamla boðslista frá stórum sýningum og varð að styðjast við lánslista. „Það vantar því mörg nöfn, sem ég vildi bjóða, en ég hvet þá sem hafa fengið kort frá mér áður og alla þá sem hafa keypt af mér myndir að koma óhikað á opnun sýningarinnar.“

Aðspurður um það hvað hefði komið honum mest á óvart við að sjá allar þessar myndir uppi við, sagði Bragi: „Mest kom mér á óvart að sjá ekki þær myndir sem mig langaði til að mála, en málaði aldrei“ — **á.j.**



Ein af myndum Braga frá 1953.

Iscargo:

Stefna að farþegaflugi til Hollands í desember

„VIÐ erum búnir að fá leyfið í hendur fyrir farþegaflug til Hollands og það breytir engu fyrir okkur þótt Flugleiðir hefji nú flug á þessari leið, við höldum okkar stefnu og munum hefja farþegaflug ásamt vöruflutningum fljótlega eftir 1. des. nk. en flugleyfið miðast við þann dag,“ sagði Kristinn Finnbogason, forstjóri Iscargo, í samtali við Mbl. í gær, en fyrr um daginn hafði samgönguráðherra veitt umrætt flugleyfi til Hollands.

„Við erum búnir að kanna ýmsa möguleika í þessum efnum,“ sagði Kristinn, „en þetta skýrist á næstu vikum hvaða leið við munum velja. Við erum nú með tvær vélar í huga aðallega, Electra C-188 sem tekur 98 farþega og er einnig byggð fyrir vöruflutninga og hins vegar Boeing 737 sem tekur álíka farþegafjölda. Það verður einnig tilkynnt um það í næstu viku að við ráðum sérstakan framkvæmdastjóra til þess að annast þessa hlið rekstursins og væntanlega þurfum við að ráða tvær áhafnir, flugmenn og flugfreyjur.“

INNLENT

Skipaður borgarfógeti

FORSETI Íslands skipaði í gær að tillögu dómsmálaráðherra Ragnar Halldór Hall lögfræðing í embætti borgarfógeta í Reykjavík frá 15. október að telja. Tekur hann við af Sigurði M. Helgasyni, sem látið hefur af störfum fyrir aldurs sakir og verður skiptaráðandi.



Ragnar H. Hall er 31 árs gamall, fæddur í Reykjavík 8. desember 1948. Hann lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands 1970 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands haustið 1975. Að loknu prófi gerðist hann fulltrúi sýslumannsins á Eskifirði og gegndi því starfi fram til síðustu áramóta, er hann gerðist fulltrúi yfirborgarfógeta.


Ragnar er kvæntur Guðríði Gísladóttur og eiga þau tvo syni.

LISTGLER

Fegrið heimilið með **LISTGLERI** — blýlagt gler í ótal mynstrum og litum.
Tilvalið í svalahurðir, forstofuhurðir, útihurðir og alls konar glugga til skrauts og nytja.
Vinnum gler eftir pöntunum með stuttum afgreiðslufresti.
Hringið eða komið og kynnið ykkur liti, mynstur og verð.
Gerum föst verðtilboð.

Athugið:
Blýgler má tvöfalda í verksmiðju eða setja fyrir innan tvöfalt gler.

Nýjung:
Úrval af fallegum ljósakrónum með blýlögðu **LISTGLERI** og hengimyndum.



Listgler

Smiðjuvegi 7,
Kópavogi (í húsi ÍSPAN).
Sími 45133